

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026, athafna- og urðunarsvæði á Búðaröxl.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 17. september 2012 breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026, sem samþykkt var í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps þann 23. ágúst 2012. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 14. september 2012.

Í breytingunni felst að urðunarsvæði á Búðaröxl er stækkað úr 5,7 ha í 7,9 ha og gert ráð fyrir urðun allt að 1.000 tonna sorps og úrgangs árlega. Athafnasvæði á Búðaröxl er stækkað úr 21,1 ha í 52 ha og gert ráð fyrir lágreistri byggð atvinnuhúsnæðis sem byggist upp í áföngum frá norðaustri til suðvesturs. Þar verða lóðir fyrir ýmsa almenna þjónustu við íbúa og aðstaða fyrir fyrirtæki sem kunna að nýta sér Vopnafjarðarhöfn sem þjónustuhöfn.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 17. september 2012.*

**Stefán Thors.**

\_\_\_\_\_  
*Erna Hrönn Geirsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 1. október 2012